

Tilmæli 9/2024  
Tillaga A 1952/PRE  
Afgreiðsla Forsætisnefnd

## Norðurlönd verði sjálfbjarga og óháð einræðisríkjum

Með tilvísun til 45. og 56. greinar í Helsingforssamningnum samþykkti Norðurlandaráð þann 9. apríl 2024 eftirfarandi tilmæli samkvæmt tillögu menningar- og menntamálanefndar.

### Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að gera stefnuáætlun um að Norðurlönd verði sjálfum sér næg á sviði orkuframleiðslu, íhluta fyrir raforkukerfi, matvælaframleiðslu og viðbúnaðar.

Þórshöfn, 9. apríl 2024

Bryndís Haraldsdóttir  
forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss  
framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs